

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

629. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. desember 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Lánssamningur við Lánasjóð sveitarfélaga ohf.
2. Fundargerð 770. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Bréf Samkeppniseftirlitsins.
4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 8. desember sl.
5. Beiðni um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.
6. Bréf Siglingastofnunar.

Afgreiðslur:

1. Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 20 milljónir kr. til 15 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til endurfjármögnunar lána og til gatnaframkvæmda í sveitarfélaginu sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra, kt. 190164-4389 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Með þessari lántöku er ekki verið að fullnýta lántökuheimild skv. fjárhagsáætlun 2009, en heimild var til 17 milljóna króna lántöku til viðbótar.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð 770. fundar stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga.
3. Lagt fram til kynningar bréf frá Samkeppniseftirlitinu dags. 16. des. 2009. Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2009, skipulag, lóðaúthlutanir og samkeppni. Samþykkt að senda bréfið til skipulags- og umhverfisráðs til kynningar.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 8. desember 2009.
5. Lögð fram beiðni um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags í fjóra mánuði frá Fanneyju Skúladóttur. Erindið samþykkt.
6. Lagt fram bréf Siglingastofnunar dags 15. desember 2009, samgönguáætlun 2009-2012, viðskiptaáætlun hafnarsjóðs. Hafnarstjóra falið að koma með tillögur að viðskiptaáætlun vegna framkvæmda við höfnina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:35

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Þ. Karl Eggertsson(sign.),
Guðrún Ragnarsdóttir(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).

